

ar, tel ég þau þess eðlis, að mér sé óheimilt að breyta þeim, en um þau verður að sjálfsgöðu fjallað við væntanlegan flutning málsins í Hæstarétti.“

Lagaheimild skortir til kærú máls þessa. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1974.

Nr. 84/1973: **Kristinn Bergþórsson**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Garðsdóttur og
Bjarna Kristinssyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Afnotamissir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. maí 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 19.835.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 27. júní 1973. Krefjast þeir þess, „að fjárhæð dómkrafna aðaláfrýjanda verði lækkuð verulega eftir mati Hæstaréttar“ og aðaláfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Eigi er sannað, að gagnáfrýjandi Guðrún hafi á árekstrarstað skuldbundið sig til, að aðaláfrýjandi fengi á hennar kostnað „bíl, meðan á viðgerð stæði“.

Samkvæmt gögnum málsins verður að leggja það til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi misst not bifreiðar sinnar í 19 daga vegna skemmda þeirra, sem leiddu af árekstri bifreiðanna. Ber gagnáfrýjendum að bæta aðaláfrýjanda tjón hans af þessum sökum, en fébótaábyrgð þeirra er eigi mótmælt. Þykja bætur af þessu efni hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, sem gagnáfrýjendum ber að greiða óskipt með vöxtum svo sem krafist er.

Þá þykir rétt, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 6. mars 1973 tók héraðsdómariinn skýrslu af aðaláfrýjanda máls þessa. Það, sem gerðist í þinghaldi þessu, var ekki skráð í þingbók, en aðeins tekið á segulbönd.

Ekki var aðaláfrýjanda gefinn kostur á að hlýða á þessa skýrslu sína í heild, áður en hann vék frá dómi. Síðan virðist munnlegur málflutningur hafa fram farið, án þess að nokkuð væri skráð í þingbók, en ágrip þess, er gerðist, talað inn á segulbönd. Virðist síðan hafa verið vélritað af segulböndunum og óstaðfest endurrit hins vélritaða fellt í dómsgerðir. Lög nr. 85/1936 veita eigi heimild til, að það, er gerist í þinghöldum, sé tekið á segulbönd, þannig að sú upptaka komi í stað skráningar í þingbók, sbr. 3. mgr. 133. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. nefndra laga. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja ekki, að efni skýrslu aðaláfrýjanda sé rétt greint svo og það, er fram fór í hinum munnlega málflutningi.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendur, Guðrún Garðarsdóttir og Bjarni Kristinsson, greiði aðaláfrýjanda, Kristni Bergþórssyni, óskipt kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971

til greiðsludags og kr. 20.000.00 í kærumálskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. mars 1973.

I.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 6. mars s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný 20. mars s.l., hefur Kristinn Bergþórsson, Grettisgötu 3, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. ágúst 1972, gegn Guðrúnu Garðarsdóttur og Bjarna Kristinssyni, báðum til heimilis að Skipholti 51, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 19.835.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. júlí 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu, að stefndu yrðu in solidum dæmd til að greiða sömu fjárhæð, en með 7% ársvöxtum frá sama tíma auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Þá er stefnt til réttargæslu Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík.

Af hálfu stefndu er krafist verulegrar lækkunar á fjárhæð stefnukröfu að mati dómara, að vaxtakrafa stefnanda verði færð í rétt horf og að synjað verði málskostnaðarkröfu stefnanda. Jafnframt er krafist hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómara.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki gerir hann kröfur af sinni hálfu.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

II.

Tilfni máls þessa er, að 18. júní 1971 ók stefnda Guðrún bifreið eiginmanns síns, stefnda Bjarna, á bifreið stefnanda og olli á henni skemmdum. Samkvæmt skýrslu stefndu Guðrúnar hjá réttargæslustefnda slysdaginn fór í sundur hemlabarki á vinstra framhjóli bifreiðarinnar, þannig að hemlar urðu óvirkir. Umrædd bifreið, R 3176, var skylduábyrgðartryggð hjá réttargæslustefnda. Enginn ágreiningur var um ábyrgð á tjóni stefnanda. Réttargæslustefndi bætti að fullu allan viðgerðarkostnað. Bifreið stefnanda, R 1724, var í viðgerð frá 21. júní til 7. júlí 1971. Stefnandi krafði réttargæslustefnda um greiðslu reiknings frá Bílaleigunni

Akbraut, Reykjavík, fyrir framangreint tímabil, alls kr. 19.835.00. Synjað var fullri greiðslu þess reiknings, en hins vegar voru boðnar bætur fyrir afnotamissi, „venju samkvæmt“, að því er réttargæslustefndi hélt fram, en „aðeins óverulegar“ að mati stefnanda, svo að hann hafnaði þeim algerlega og höfðaði mál þetta. Ekki er fram komið í málinu, hve hátt þetta umrædda boð réttargæslustefnda var að krónutölu.

Í þinghaldi 6. mars s.l. var lögð fram skrifleg aðiljaskýrsla stefnanda, sem hann staðfesti í réttinum. Þar segir, að bifreið hans sé af gerðinni Peugeot, árgerð 1970. Þegar ákveðið hefði verið á árekstrarstað að gera ekki lögregluskýrslu um áreksturinn, hafi stefnda Guðrún sagt við stefnanda, að hann gæti auðvitað treyst því að verða ekki fyrir tjóni af þessu og mundi hann fá tjónið að fullu bætt og bíl, meðan á viðgerð stæði. Á mánudegi 21. júní 1971 hafi stefnandi fengið sér bílaleigubíl, þar sem hann hafi ekki getað útvegað sér neinn annan hentugri bíl, sem honum hafi verið nauðsynlegt að hafa við umfangsmikinn rekstur heildverslunar sinnar. Hafi honum fyrst komið í hug að fá sér lítinn Volkswagen bíl, en við nánari umhugsun hafi honum fundist hann ekki geta ekið slíkum bíl örugglega, m. a. vegna óvana og þess, hversu stór hann, þ. e. stefnandi, er og sver. Gæti það skapað hættu í umferðinni fyrir hann og aðra. Hafi hann þess vegna tekið á leigu bifreið af gerðinni Cortína, sem hann hafi notað alveg eins og hann hefði notað sinn eigin bíl þann tíma, sem viðgerð Peugeot bifreiðarinnar stóð yfir.

Fyrir dóminum sagði stefnandi, að fyrirtæki hans væri einkafyrirtæki, sem ræki heildverslun með vefnaðarvörur. Við fyrirtækið störfuðu þrír menn, sem ynnu heilan dag, en tveir, sem ynnu hálfan dag. Fyrirtækið ætti sendiferðabifreið af Volkswagen gerð, sem notuð væri í þágu þess. Stefnandi sagði, að hann hefði notað Peugeot bifreiðina nokkurn veginn jöfnum höndum fyrir fyrirtækið og fyrir sjálfan sig. Sagðist hann halda, að um 70% af rekstrarkostnaði hennar væru færð á fyrirtækið, en 30% væru áætluð einkaafnot. Bifreiðin hefði t. d. verið notuð í söluleiðangra og eins að rukka inn reikninga, sækja víxla o. fl. Varla væri hægt að segja, að aðrir en hann sjálfur hefðu notað bifreiðina í þágu fyrirtækisins.

Að lokinni þessari aðiljayfirheyrslu fór í sama þinghaldi fram munnlegur málflutningur. Hreyfði þá lögmaður stefnanda m. a. þeirri málsástæðu, að krafa hans gagnvart stefndu Guðrúnu væri enn fremur byggð á loforði hennar, sem kæmi fram í áðurnefndri

skriflegri aðiljaskýrslu stefnanda. Í málflutningi sínum mótmælti lögmaður stefndu m. a. því, að stefnda Guðrún hefði lofað að greiða einhverjar tilteknar bætur, en sagðist ekki mótmæla nefndri málsástæðu sem of seint fram kominni. Lögmaður stefnanda mótmælti þá, í síðari ræðu sinni, þessum mótmælum stefndu sem of seint komnum.

Eins og áður segir, var mál þetta endurupptekið 20. mars s.l., og var þá bókað í þingbók: „Vegna ummæla í 5. mgr. aðilakýrslu á dskj. nr. 7 beinir dómariinn því til lögmanns stefndu, að honum gefist kostur á að leiða stefndu Guðrúnu fyrir rétt, til þess að hún tjái sig um framangreind ummæli stefnanda.“ Af þessu tilefni óskaði lögmaður stefndu svohljóðandi bókunar:

„Lögmaður stefnanda hélt því fram við munnlegan málflutning 6. mars sl., að umbj. m. Guðrún Garðarsdóttir hefði lofað stefnanda því á árekstursstað, að hann mætti taka bílaleigubíl og fengi þau útgjöld fullbætt. Þessari fullyrðingu hafði til þessa ekki verið hreyft í málinu, ekki í stefnu, ekki í greinargerð og ekki í kröfu-bréfi til umbj. m. á dskj. nr. 5. Ég mótmæli alfarið þessari fullyrðingu. Þá leyfði lögmaður stefnanda sér að bera fyrir sig, að mótmæli mín væru of seint fram komin, enda þótt tilefni til að bera slík mótmæli fram af minni hálfu hefðu eigi fyrr komið fram en í nefndu réttarhaldi, þegar fram var lögð næsta síðbúin aðilaskýrsla stefnanda.

Lögmaður stefnanda lét ekki við þetta sitja, heldur vefengdi, að ég hefði rætt málið við umbj. m. stefndu Guðrúnu og gaf í skyn, að ég væri að ráðstafa sakarefninu á eindæmi mitt.

Ég hefi af þessu tilefni rætt við umbj. m. Guðrúnu. Synjar hún algjörlega fyrir að hafa lofað stefnanda einu eða neinu. Hún kveðst einungis hafa viðurkennt sök á árekstrinum. Mótmælir hún alfar-ið persónulegri greiðsluskyldu og vísar á Samvinnutryggingar. Lögmanni stefnanda er velkomið að hafa samband við umbj. m. og ræða þetta við hana, ef það gæti sannfært hann. En ég sé enga ástæðu til, að umbj. m. komi fyrir dóm af þessu tilefni.“

Fór síðan fram munnlegur flutningur málsins að nýju.

III.

Gagnvart stefndu Guðrúnu sérstaklega styður stefnandi mál sitt þeim rökum, að hún hafi, svo sem að framan er rakið, lofað honum fullri greiðslu á tjóni hans, og því beri henni að greiða honum hina umstefndu fjárhæð. Að öðru leyti byggir stefnandi

kröfur sínar á því, að tjóni hafi verið valdið á bifreið hans, án þess að hann hafi átt nokkurn minnsta þátt þar í. Hann verði ekki skaðlaus af nefndu umferðaróhappi, nema umræddur bílaleigu-reikningur verði greiddur að fullu. Þar sem stefnandi sé mjög stór og stæðilegur maður og sakir efnahags hans, hafi hann sjálfur kosið að eiga rúmgóða og trausta bíla og greiða fyrir það tilsvaramandi kostnað. Því sé alfarið mótmælt, að hann eigi að þola það, að ekið sé á bíl hans, hann skemmdur og beyglaður, og honum síðan gert að aka á Trabant eða Volkswagen bifreið, meðan viðgerð fari fram.

Lækkunarkröfu sína byggja stefndu á því, að krafa stefnanda til bóta fyrir afnotamissi sé allt of há. Sú venja hafi skapast hérlandis að reikna bifreiðaeigendum bætur fyrir afnotamissi bifreiða sinna eftir bótaskyld tjón miðað við eðlilegan viðgerðartíma. Venja þessi byggist á fordæmi dómstóla. Við ákvörðun slíkra bóta hafi verið farið eftir notagildi bifreiða. Gerður sé greinarmunur á einkabifreiðum og atvinnubifreiðum í þessu sambandi, en innan þessara aðalflokka sé gerður nokkur greinarmunur eftir notagildi bifreiða fyrir eigendur, þó svo, að fyrst og fremst hafi verið lagður þar á almennur mælikvarði, en yfirleitt sé ekki tekið tillit til sérstakra einstaklingsbundinna sjónarmiða í hverju tilviki, hvað þá að eltar hafi verið ólar við duttlunga hvers einstaks tjónþola. Í því tilviki, sem hér sé til álita, sé um einkabifreið að ræða. Sérstakar ástæður stefnanda með tilliti til notagildis bifreiðarinnar séu tilgreindar í greinargerð umboðsmanns hans þær, að stefnandi sé stór og stæðilegur maður, sem sakir þess og efnahags hans hafi kosið sér að eiga rúmgóða og trausta bíla. Um annað notagildi stefnanda af bifreiðinni umfram venjulega einkabifreið ræðiekkí. Það sé því ljóst, að í bótalegu tilliti hafi stefnandi ekki orðið fyrir öðru eða meira tjóni en gengur og gerist um eigendur einkabifreiða, sem fyrir afnotamissi verða. Hann eigi því ekki lögvarið tilkall til frekari bóta fyrir afnotamissi bifreiðar sinnar umrætt tímabil en hver annar eigandi einkabifreiðar almennt eigi. Vel geti verið, að stefnandi eigi erfiðara með að setta sig við slíka réttarstöðu en almennt er, en nefndir sérhagsmunir hans njóti ekki bótaverndar í þessu tilliti. Það sé út í hött, að stefndu ákveði fyrir stefnanda, að hann aki á „Trabant“ eða „Volkswagen“. Honum sé í sjálfsvald sett, þeirra vegna, að verða sér úti um afnot aldýrasta bíls, sem völ gæti orðið á. En stefnandi leggi þá meira upp úr öðru en almennu notagildi bifreiða og verði sjálfur að greiða umframkostnaðinn. Það sé yfirleitt ástæðulaust fyrir eig-

endur einkabifreiða að leigja aðra bifreið, þegar líkt standi á og hér. Menn geti hæglega komist um borgina þvera og endilanga með strætisvögnum. Sumir leggi það jafnvel á sig að ganga. Ástæða sé til að ætla, að það séu hreinar undantekningar, að menn sjái ástæðu til að eyða í leigubifreiðir, hvað þá bílaleigubifreiðir, sé einkabifreið úr notkun um stundarsakir, og að aðrir eigi að svara til slíkra útgjalda en hlutaðeigandi bifreiðareigandi sjálfur. Erlendis, t. d. í Danmörku, hafi dómstólar alls ekki viðurkennt rétt eiganda einkabifreiða til bóta fyrir afnotamissi, þó að hér hafi annað orðið uppi á teningnum, þar sem bifreiðar í þéttbýli séu ofnotaðar meira en víðast annars staðar. Bætur fyrir afnotamissi af einkabifreið hafi tíðkast 200.00—300.00 krónur pr. dag. Standi sérstaklega á, komi til greina að greiða bætur, er svari til fastagjalds ódýrasta bílaleigubíls, þ. e. hafi einkabifreið sannanlega verið notuð að ráði í þágu atvinnu bifreiðareigandans. Það sé fráleitt, að rekstrarkostnaður bílaleigubíls sé jafnframt greiddur. Tjónþoli verði eðlilega að greiða hann sjálfur, enda svari hann til rekstrarkostnaðar eigin bíls, sem sparist á meðan.

Því er alfarið mótmælt af hálfu stefndu, að stefnda Guðrún hafi lofað stefnanda greiðslu hér umræddrar kröfu, og vísaði umboðsmaður stefndu í því sambandi til áðurnefndrar bókunar sinnar í þinghaldi 20. mars s.l. svo og til innheimtubréfs á dskj. nr. 5.

Gegn mótmælum af hálfu stefndu Guðrúnar verður sá skilningur ekki lagður í þau ummæli hennar, sem stefnandi hefur eftir henni í aðiljaskýrslu sinni, að hún hafi lofað að greiða þá kröfu, sem stefnandi gerir í þessu máli. Þessari málsástæðu stefnanda er því hafnað.

Af hálfu stefndu er viðurkennt, að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna afnotamissis framangreindrar bifreiðar sinnar. Þegar hliðsjón er höfð af gögnum málsins og öðrum þeim atriðum, sem hér skipta máli, þykir tjón stefnanda vegna afnotamissis bifreiðarinnar umgetinn tíma hæfilega metið kr. 8.000.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu verða in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 8.000.00 með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 7. júlí 1971 til greiðsludags. Þar sem ekki liggur fyrir í málinu, hvert boð stefndu var til stefnanda um greiðslu bóta utan réttar, verða stefndu in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Garðarsdóttir og Bjarni Kristinsson, greiði in solidum stefnanda, Kristni Bergþórssyni, kr. 8.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1974.

Nr. 60/1974: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari)
gegn

Árna Húnfjörð Friðrikssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1966 og áfengislaga nr. 82/1969, er í dóminum greinir.

Varðhaldsrefsingu þeirri, sem ákærði sætti með dómi sakadóms Seyðisfjarðar hinn 30. júní 1964, var að ósk ákærða breytt með náðun í 3.500 króna sekt hinn 22. febrúar 1966. Samkvæmt gögnum, er fram hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, skyldi varðhaldsrefsing samkvæmt dóminum frá 30. júní 1964 vera vararefsing fésektarinnar. Að svo vöxnu ber að telja, að ítrekunaráhrif greinds dóms hafi verið fallin brott, er ákærði framdi brot það, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, hinn 27. janúar 1973, sbr. lokaákvæði 3. málsg. 71. gr. almennra hegningarlaga. Með vísun til þessa þykir refs-